

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Dagskóli

Vorönn 2006
8. maí
kl. 10.15 – 11.45

Prófið er á 9 bls. með forsiðu



Íslenska 2124

Nafn _____

Kennitala _____

Kennari: Auður Gestur

Vetrareinkunn: _____

Prófseinkunn: _____

Lokaeinkunn: _____

I. Krossaspurningar (15%)

Merkið við rétt svar.

1. Hljóðtákn **[ç]** stendur fyrir

- óraddað önghljóð
- tannbergsmælt lokhljóð
- uppgómmælt önghljóð
- raddað lokhljóð

2. Hljóð **[rɛɸna]** er hljóðritun á orðinu

- rifna
- rebba
- hreppna
- hrefna

3. Í orðinu *epli* er

- óraddað hliðarhljóð
- langt stofnsérhljóð
- fráblásið lokhljóð
- aðblástur

4. Bókstafurinn **k** er borinn fram á mismunandi hátt. Hvað af eftirtöldu er **ekki** rétt?

- k er stundum borið fram sem [cʰ]
- k er stundum borið fram sem [x]
- k er stundum borið fram sem [ɣ]
- k er stundum borið fram sem [j]

5. Framburðurinn [ɲai:pʰa] á orðinu *knæpa*

- kallast harðmæli
- kallast raddaður framburður
- hv-framburður
- er ekki til

6. Búlgarska er

- slavneskt mál
- rómanskt mál
- germanskt mál
- ekkert af þessu

7. Hver af þessum málum eru ekki indóevrópsk?

- Finnska og ungverska
- Rómenska og gríska
- Írska og skoska
- Hollenska og franska

8. Orðið sími er

- nýmerking
- tōkuorð úr dönsku
- nýyrði
- tōkuorð úr ensku

9. Hugtakið inntaksorð er notað um

- orð sem eru ekki notuð lengur
- lokaða orðflokka, s.s. forsetningar og fornöfn
- opna orðflokka, s.s. nafnorð og sagnir
- orð sem við skiljum þótt við notum þau sjaldan

10. Hvað er stór hluti mannkyns tvítyngdur?

- Nærri helmingur
- Þriðjungur
- Fjórðungur
- Meir en helmingur

11. Tanngnjóstur er

- göltur Freys
- annar hafur Þórs
- spjót Óðins
- hestur Heimdallar

12. Í höll Útgarða-Loka fór Þjálfi

- í kappát við Loga
- í kappdrykkju við Loka
- í kapphlaup við Huga
- í glímu við Elli

13. Hvað hét jötunninn sem lifði af þegar Óðinn og bræður hans drekktu öllum hrímþursum í blóði Ýmis?

- Hymir
- Hvergelmir
- Bergelmir
- Hrymur

14. Hvað hétu mennirnir tveir sem fórust ekki í ragnarökum?

- Líf og Leifþrasir
- Móði og Magni
- Askur og Embla
- Brimir og Boða

15. Hvað hét hringurinn sem Óðinn lagði á bálið við bálför Baldurs?

- Gungnir
- Draupnir
- Hrungnir
- Hænir

II. Hljóðfræði

1. Lesið úr þessum hljóðritunum. (4%)

[l̥h̥ʰouh̥d̥Yr] _____ [d̥uð̥n̥] _____

[s̥ʰɛ̥l̥d̥l̥] _____ [d̥ans̥d̥] _____

[s̥g̥ou:arc̥ʰar:] _____ [c̥ʰɛ̥m̥b̥a] _____

[mar̥d̥] _____ [ç̥ö̥rd̥Yr] _____

2. Hljóðritið þessi orð. (20%)

fjall _____

þungi _____

kerfi _____

leiguliðar _____

hérað _____

geggjað _____

hnyklar _____

tækni _____

hlátur _____

frekja _____

3. Hljóðritið orðið lyfta og lýsið öllum hljóðum í því. (5%)

4. Hljóðritið mismunandi framburð þessara orða. Hvar á landinu er líklegt að hvert framburðarafbrigði heyrir? (6%)

lampi _____

hugi _____

hvísl _____

III. Snorra-Edda

1. Fyllið í eyðurnar. (2%)

„Örn einn situr í limum asksins, og er hann margs vitandi, en í milli augna honum situr haukur sá er heitir _____. Íkorni sá er heitir _____ rennur upp og niður eftir askinum og ber _____ milli arnarins og _____.“

2. Tengid saman guði og bústaði með því að setja viðeigandi bókstaf á strikin. (2%)

- A Freyja _____ Þrúðvangur
B Heimdallur _____ Fensalir
C Þór _____ Himinbjörg
D Frigg _____ Fólkvangur

3. Hverjum er lýst hér? (2%)

a) „... höfðu skipast fyrst og tekið kviknun í holdi Ýmis og voru þá maðkar, en af atkvæði guðanna urðu þeir vitandi manvits og höfðu manns líki og búa þó í jörðu og í steinum.“

b) „En Ginnungagap var svo hlætt sem loft vindlaust. Og þá er mættust hrímin og blær hitans, svo að bráðnaði og draup, og af þeim kvikudropum kviknaði ... og varð manns líkandi og var sá nefndur _____“

6. Hvað heita dýrin í Valhöll og hvaða hlutverk hafa þau? (3%)

7. Ljúkið þessum setningum. (2%)

- a) Brunnurinn í Jötunheimum hét _____
- b) Í ragnarökum barðist Týr við _____
- c) Skírnir var _____
- d) Skip Freys nefndist _____

8. Hvaða guðum er svo lýst? (3%)

a) „Hann ræður fyrir göngu vinds og stillir sjá og eld. Á hann skal heita til sæfara og til veiða. Hann er svo auðugur og fésæll að hann má gefa þeim auð landa eða lausafjár er á hann heita til þess. Eigi er ása ættar.“

b) „Hann er vitrastur ásanna og fegurst talaður og líknsamastur. En sú náttúra fylgir honum að enginn má haldast dómur hans.“

c) „Hún giftist þeim manni er Óður heitir. Dóttir þeirra heitir Hnoss. Hún er svo fögur að af hennar nafni eru hnossir kallaðar það er fagurt er og gersemlegt. Óður fór í braut langar leiðir, en ... grætur eftir, en tár hennar er gull rautt.“

IV. Málsaga

1. Fyrsta málfræðiritgerðin. a) Hvenær var hún samin? b) Hvaða efni geymir hún og c) hvers vegna er hún talin mjög merkileg? (4%)

2. a) Hvenær og hvar var frumnorræna töluð?
b) Hvaða heimildir eru til um frumnorrænu? (3%)

3. Nefnið tvö tungumál sem teljast til hvers þessara málaflokka. (3%)

- a) keltnesk mál _____
b) germönsk mál _____
c) slavnesk mál _____

4. Hvernig gætu þessi frumnorrænu orð litið út á íslensku? (2%)

- *fellsu _____
*tomian _____
*hlaupiR _____
*barnu _____

5. Gerið grein fyrir þessum hugtökum og nefnið dæmi um hvert þeirra. (6%)

- a) tökuþýðing _____

b) óvirkur orðaforði _____

c) nýyrði _____

6. Nefnið þrjár líklegar ástæður fyrir því að mállýskumunur í íslensku er nánast enginn. (3%)

9. Hvað tungumál eru töluð (og virt sem opinber mál) í þessum löndum? (3%)

a) Sviss _____

b) Belgíu _____